

Verður því að fallast á þá röksemdafærslu stefnda, að stefnendur bresti aðild til höfðunar máls þessa, og því ber að sýkna stefndu af kröfum stefnendanna vegna aðildarskorts.

Það þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, stjórn h/f Foss, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnendanna, Sigfúsar Baldvinssonar og Hjartar Lárussonar, í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. maí 1947.

Nr. 91/1946. **Hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Arnóri Sigurðssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um heimilisfang. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, aðallega að ákveðið verði með dómi, að stefndi hafi átt heimilisfang í Eyrarhreppi í Norður-Ísa-fjarðarsýslu frá 1. janúar 1945 til 25. marz 1946, en til vara, að hann hafi verið þar heimilisfastur frá 1. janúar 1945 til 12. janúar 1946. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í úrskurði héraðsdómara greinir hvorki kæranda máls-

ins né kröfur hans. Kröfugerð kæranda fyrir héraðsdómi um ákvörðun heimilisfangs stefnda er eigi bundin við ákveðin tímamörk, og er hún því ófullnægjandi. Stefndi hefur engar kröfur gert í málinu í héraði. Um þetta hefði dómari átt að leiðbeina aðiljum, sem eigi eru lög-lærðir, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Sökum þessara galla á meðferð málsins þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Arnóri Sigurðssyni, kr. 600.00 í máls-kostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður lögregluréttar Siglufjarðar 25. marz 1946.

Það er að visu svo, að upplýst er, að útsvarspungi sé allmiklu meiri í Hnífsdal en í Siglufirði, en þótt svo sé, er ekkert fram komið, sem bendi til þess, að kærði, Arnór Sigurðsson frá Hnífsdal, hafi tekið sér heimilisfang í Siglufirði af þeim ástæðum. Þótt það kunni að skipta kærða allmiklu að vera þar, sem útsvör eru léttari, skiptir það hann miklu meiru að vera þar, sem hann fær meiri og betri atvinnu, eins og kærði hefur tekið fram, og virðist það upplýst, að hann hafi miklu meiri og betri atvinnu í Siglufirði, a. m. k. miklu vissari atvinnu, og kemur það í ljós hjá kærða, að hann vegna þessarar atvinnu hafi flutt sig búferlum frá Hnífsdal til Siglufjarðar í maí s. l. Allt frá því, að kærði flutti hingað síðara hluta maí og til þessa dags, hefur hann haft atvinnu á sama stað hér, — að undanteknum tímanum frá því rétt fyrir jól og fram í jan. s. l., er hann fór til konu sinnar í Hnífsdal samtals um 3 vikur —, og telur hann sig eingöngu hafa flutt hingað vegna meiri og betri atvinnu, en alls ekki vegna minni útsvarspunga hér, sem kærði kveður sér alveg ókunnugt um. 12. janúar s. l. flytur kærði líka búslóð þeirra hjóna úr Hnífsdal til Siglufjarðar.

Telja verður eftir framkomnum gögnum og skilríkjum, að flutn-

ingur kærða á heimilisfangi sínu frá Hnífsdal til Siglufjarðar í maí 1945 hafi verið eðlilegur og raunverulegur og standi í sambandi við hans nýju atvinnu í Siglufirði. Þá hafi hann um leið og hann fór til Siglufjarðar slitið öll atvinnusambönd við Hnífsdal eða fyrra heimkynni sitt, þótt kona hans af sérstökum ástæðum yrði að dvelja áfram í Hnífsdal um tíma.

Verður því að telja rétt, að kærði, Arnór Sigurðsson, hafi löglega flutt heimilisfang sitt í maí 1945, er hann flutti úr Hnífsdal til Siglufjarðar (Eyrargötu 3 B), og að Eyrargata 3 B, Siglufirði, sé því hans rétta og löglega heimilisfang.

Fyrir því úrskurðast:

Heimilisfang Arnórs Sigurðssonar ber að telja í Siglufirði, Eyrargötu 3 B.

Föstudaginn 23. maí 1947.

Nr. 93/1946. H/f Kveldúlfur (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Antoni Proppé f. h. Hraðfrystihúss Dýrfirðinga (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fébætur vegna skemmda á bryggju.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júlí f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér-
aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.